

**49. fundur Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði,
miðvikudaginn 6. janúar 2010 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Guðlaug Björgvinsdóttir (GB), Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Trausti Þór Sverrisson, Sigurlaug Guðmundsdóttir, Ragnar Anthony Gambrell og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS).

Fundargerð ritaði: Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS)

Dagskrá:

1. 0909103 - Félagsmálaráðuneytið, Velferðarvaktin.

Börn í Tálknafjarðarskóla eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið skólaárið 2009 - 2010. Skólanefnd undirstrikar mikilvægi þess fyrir skólastarfið að nemendur og starfsfólk eigi kost á málsverði á skólatíma og hvetur sveitarstjórn til þess að standa vörð um þessa þjónustu.

2. 1001013 - Haustskýrsla Tálknafjarðarskóla vegna 2009 - 2010

Skólastjóri lagði fram haustskýrslu fyrir Tálknafjarðarskóla vegna skólaársins 2009-2010.

3. 1001014 - Starfshópur vegna samreksturs grunn-, leik- og tónlistarskóla

Skólanefnd leggur til að starfshópur verði skipaður sex einstaklingum. Skólastjóri Tálknafjarðarskóla, fulltrúi skólaráðs, fulltrúi skólanefndar, fulltrúi atvinnulífsins, fulltrúi nemendafélags og fulltrúi starfsfólks Tálknafjarðarskóla. Fulltrúi skólanefndar í starfshópnum er tilnefnd Birna Benediktsdóttir, samþykkt samhljóða.

4. 0912008 - Íbúáþing 21.nóvember 2009, samantekt

Formaður (GSB) kom með þá tillögu að nefndarmönnum og áheyrnarfulltrúum verði send drög Atvest að samantekt frá íbúáþingi Tálknafjarðarhrepps sem haldið var þann 21.nóvember 2009. Fulltrúar kynni sér drögin fyrir næsta fund þar sem sveitarstjórn óskaði eftir ábendingum nefndarinnar fyrir febrúar fund sveitarstjórnar þann 11.febrúar 2010.

5. 0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra

Skólastjóri fór yfir :

Vikulegt fréttabréf sem stendur til að gefa út.

Samskipti heimila og skóla.

Smávægilegar breytingar urðu á stundarskrá um áramótin. Bætt verður við náttúrufræðikennslu og flétta saman við myndlistarkennslu, ásamt útikennslu. Skólastjóri kynnti Comeniusarverkefni, verkefni innan vébanda menntaáætlunar Evrópusambandsins og er samstarfsverkefni skóla á Íslandi, Spáni, Ítalíu, Póllandi og Tyrklandi og snýst m.a. um græna orku.

Skólahópur leikskóladeildar er að hefja reglubundnar heimsóknir í grunnskóladeildina.
Tónlistardeild er að fara af stað eftir árshlé og verður auglýst innan tíðar.
Formaður bar fram fyrirspurn varðandi skipun starfsmannamála í leikskóladeild.

6. 1001015 - Önnur mál

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:35
